

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003
(hækkun skattleysisaldurs).

Flm.: Diljá Mist Einarsdóttir, Hildur Sverrisdóttir, Jón Gunnarsson,
Njáll Trausti Friðbertsson, Ingveldur Anna Sigurðardóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson,
Jens Garðar Helgason, Jón Pétur Zimsen, Ólafur Adolfsson, Rósa Guðbjartsdóttir.

1. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 6., 58. og 64. gr. laganna kemur: 18 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þessa efnis var lagt fram á 154., 155., 156. og 157. löggjafarþingi (6. mál) en var ekki afgreitt.

Markmið þessa frumvarps er að börn, óháð aldri, greiði ekki tekjuskatt að fullu heldur í samræmi við tekjuskatt af tekjum barna skv. 2. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt. Þannig myndu aðilar byrja að greiða tekjuskatt skv. 1. mgr. 66. gr. laganna þegar þeir verða sjálfráða við 18 ára aldur. Réttindi 16 og 17 ára til vinnu eru takmörkuð með reglugerð um vinnu barna og unglinga nr. 426/1999 og þykir m.a. vegna þess ekki rétt að skattleggja ungmenni með sama hætti og sjálfráða einstaklinga. Þegar einstaklingar verða sjálfráða við 18 ára aldur öðlast þeir einnig kosningarrétt og fá þannig tækifæri til þess að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru um stefnu ríkisins, m.a. í skattamálum.

Áhrif á ríkissjóð eru talin óveruleg þar sem fæst börn á aldrinum 16 og 17 ára vinna meira en sem nemur skattleysismörkum. Þannig var álagður tekjuskattur á 16 og 17 ára um 13,5 milljónir kr. árið 2022.